

LÖG

um breytingu á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., svohljóðandi:

Landsvirkjun er enn fremur heimilt að fengnu leyfi iðnaðarráðherra að reisa og reka vatnsmiðlun, Norðlingaölduveitu, í samræmi við skilyrði er fram koma í úrskurði setts umhverfissráðherra, dags. 30. janúar 2003.

b. Í stað 3. mgr. koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita sameignarfyrirtækinu Orkuveitu Reykjavíkur leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum með allt að 120 MW afli.

Iðnaðarráðherra er heimilt að veita Hitaveitu Suðurnesja hf. leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Reykjanesi með allt að 80 MW afli, enda liggja fyrir mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, og stækka jarðvarmavirkjun félagsins í Svartsengi um 16 MW.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.